

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (2. gr.) 23. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er verkalýðssamtökunum að ákveða í samningum sínum við atvinnurekendur, að kaupgjald skuli breytast eftir verðlagsbreytingum samkvæmt þeim reglum, er aðilar koma sér saman um.

Þar til samningar hafa verið gerðir milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, skal miða greiðslu kaupgjalds við vísitölu vöru og þjónustu samkvæmt þeim grundvelli, er kauplagsnefnd hóf að reikna 1. okt. 1960.

Ekki mega atvinnurekendur bæta þeim greiðslum, sem um ræðir í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, við þá álagningu, sem þeim nú er leyfileg.

Ríkið, ríkisstofnanir og sveitarfélög skulu og greiða starfsmönnum sínum samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar þessarar greinar, þar til frjálsir samningar hafa verið gerðir milli hinna ýmsu félaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og hinna opinberu stofnana hins vegar á grundvelli fulls samningsfrelsis starfsmannanna.

2. (3. gr.) 31. gr. laganna orðist svo:

Af lánum, sem veitt eru eftir 1. janúar 1961, er bannað að taka hærri útlánsvexti en voru 1. janúar 1960. Frá sama tíma skulu víxilvextir lækka til samræmis við það.

3. (4. gr.) 32. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1961 skulu vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 2% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru. Seðlabankinn skal skyldur að endurkaupa víxla vegna afurðalána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir seðlabankans af slíkum lánum skulu vera 1%.

4. (5. gr.) 33. gr. laganna falli niður.

5. (6. gr.) Á eftir 33. gr. komi nýjar greinar undir nýrri kaflafyrirsögn (VI. kafli), og breytist tala kafla og greina samkvæmt því:

a. (34. gr.) Frá 1. janúar 1961 skulu öll flutningsgjöld íslenskra skipa fyrir útfluttar framleiðsluvörur lækka um 10—20% frá því, sem var 1. desember 1960. Ríkisstjórnin ákveður þessa lækkun nánar með reglugerð.

b. (35. gr.) Stofna skal ríkisvátryggingu, sem hafi með höndum vátryggingu á öllum fiskiskipastól landsmanna svo og allar vátryggingar, sem sjávarútvegurinn þarf að hafa, þar með talin vátrygging á framleiðsluvörum og veiðarfærum svo og ábyrgðartryggingar o. fl.

Skýlt er að hafa allar tryggingar sjávarútvegsins hjá ríkistryggingunni, og skulu vátryggingar skipa og aðrar vátryggingar flytjast þangað, jafnóðum og þær losna samkv. núgildandi tryggingarsamningum, en þó eigi síðar en 1. júlí 1961.

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þessa tryggingarstarfsemi, og er m. a. heimilt að ákveða, að innheimta skuli tiltekinn hundraðshluta af andvirði útfluttra sjávarafurða sem iðgjald.

- c. (36. gr.) Frá 1. jan. 1961 skulu þær reglur gilda, að allir aðilar, sem hafa með höndum sölu á framleiðsluvörum úr landi, geri full gjaldeyrisskil fyrir útfluttar vörur innan eins mánaðar, frá því að varan sannanlega var flutt út. Sölufélögum og umboðsmönnum er skýlt að gera fullnaðarskil á söluandvirðinu til framleiðenda eigi síðar en hálfum öðrum mánuði eftir að varan var flutt úr landi.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum allt að 1000000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.